

Aðalfundur Foreldrafélags Kársnesskóla 29.05.2017

Fundur haldin í húsnæði Kársnesskóla í Fannborg

Fundur hófst með skoðunarferð með Björgu skólastjóra og Jóni Árna húsverði um húsnæðið í Fannborg farið var yfir hvernig húsnæðið hefur verið nýtt í vetur og hvernig því verður breytt til að nota til kennslu fyrir áramót næstu haustönn.

Sigríður Þrúður setur fundinn, Þröstur Jónasson er skipaður fundarstjóri og Sverrir Tryggvason fundarritari.

Skýrsla Stjórnar

Formaður kynni skýrslu stjórnar sem birt verður á heimasíðu foreldrafélagsins. Rætt um vandræði við mönnun bekkjarfulltrúa, hversu leitt er að jólaföndur hefur fallið niður í tvö ár og um húsnæðismál skólans.

Reikningar félagsins kynntir og bornir undir atkvæði

Gjaldkeri félagsins kynnti reikninga þess, sem birtir verða á heimasíðu. Reikningar samþykktir samhljóða

Kynning skólastjóra á húsnæðismálum skólans.

Björg hélt stutta kynningu á húsnæðismálum skólans. Allt unglingsstigið mun vera við nám í Fannborg fram að áramótum en húsnæðið er komið á sölu og verður selt með þeirri kvöð að þarna sé skólalald þangað til. Settar verðar upp „kennsluhallir“ á Vallargerðisvellingum og markmiðið er að allir nemendur sækji skólann í Vallargerði eftir áramót. Dægradvöl verður við Skólagerði á haustönn en þá verður annað Jónshús flutt niðureftir og dægradvölin höfð þar líka.

Ekki er búið að taka endanlega ákvörðun hvort að Skólagerðið verði hreinsað og endurbyggt eða húsið rífið og nýtt byggt en hvort sem verður þá verður kennsluumhverfið búið að nútíma skólaháttum og margt spennandi sem getur gerst. Þangað til verður þröngt í Vallargerðinu og lýst er eftir hugmyndum um hvernig má leysa og vinna úr því sem upp mun koma

Það verður að mörgu að líta en Björg lýsir yfir mikilli ánægju með viðbrögð og vinnu starfsmanna skólans og þakkar nærsamfélaginu og foreldrum fyrir þann stuðning sem skólinn hefur fengið.

Kostning stjórnar

Þröstur Jónasson biður ekki lengur kost á sér í stjórn foreldrafélagsins og Sigríður Þrúður biðst undan formennsku. Sökum anna mun Fanney ekki geta sinnt hlutverki gjaldkera og því vantar nýja stjórnarmenn að afloknum kostningum þá er stjórn svo skipuð.

- Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
- Sverrir Tryggvason
- Stéphane Aubergy
- Bjargey Ingólfssdóttir
- Björg Hilmarsdóttir
- Signý S Skúladóttir
- Fjóla Borg Svavarsdóttir
- Kristófer Karlsson

Stjórn mun skipta með sér verkum og ákveða hver stjórnarmanna mun sitja í stjórn Samkóp og í skólaráði

Kostning fulltrúa í skólaráð

Örn Guðmundsson er einróma kosinn sem skólaráðsfulltrúi

Val skoðunamanns reikninga

Katrín Hælga Reynisdóttir getur ekki lengur sinnt því embætti að vera skoðunarmaður reikninga, henni eru þökkuð störf sín. Hælga Guðný Sigurðardóttir er kjörin nýr skoðunarmaður.

Önnur Mál

Árgjald foreldrafélags

Fyrir fundinum liggur tillaga að hækka árgjald foreldrafélagsins úr 2000 krónum um því sem nemur seðilgjaldi við innheimtu. Fundurinn samþykkir eftir umræður að hækka árgjaldið í 3000 kr á fjöldskyldu, með seðilgjaldi.

Innkaup námsgagna á yngsta stigi

Foreldrafélag Kársnesskóla samþykkir tillögu frá skólaráði að það taki að sér að innheimta ritfangagjald af foreldrum barna á yngsta stigi á næsta ári til prufu. Gjald þetta verði notað til kaupa á ritföngum og skólavörum barna sem geymd yrðu í skólanum. Útfærsla á þessu verður unnin af foreldrafélaginu með ritara skólans

Fleira var ekki á dagskrá. Fundi slitið